

## Fundargerð stjórnar Fimleikasambands Íslands

### 14. fundur haldinn á skrifstofu FSÍ 28. 2. 2017 kl. 19:00

Fundinn sátu: Arnar Ólafsson, Kristinn Arason, Sunna Sigurðardóttir, Þór Ólafsson, Hrefna Hlín Sveinbjörnsdóttir, Bergþóra Kristín Ingvarsdóttir, Hlín Bjarnadóttir, Sólveig Jónsdóttir, Íris Svavarsdóttir og Sæunn Viggósdóttir.

Fundargerð ritaði: Sæunn Viggósdóttir

#### 1. Erindi frá THF um mótamál – til umfjöllunar

*THF lagði fram 4 erindi til stjórnar og óskaði eftir umfjöllun*

Kallar nefndir eftir verkferlum varðandi ákvörðunartöku þegar lítil þátttaka er á mótum, hvenær er mót haldið og hvenær ekki.

Í framhaldi af því er að með lítilli þátttöku á mótum verður erfiðara að manna dómara”panel” þar sem að reglur FSÍ um dómargildi gengur ekki upp á fámennum mótum. THF gagnrýnir að breytingar hafi verið gerðar á mótaskrá án þess að hafa fengið að gera athugasemdir.

Að lokum óskar THF eftir því að fá upplýsingar um stöðuna á verkefni þar sem unnið verður að uppbyggingu á landsliði fyrir EM 2018.

#### 2. Skráning þjálfara í leyfiskerfi – til upplýsinga

*Bréf lagt fyrir sem sent verður út á félögin varðandi skráningu þjálfara í leyfiskerfi*

Örlitlar breytingar gerðar á bréfinu, svo verður það sent út á félögin.

#### 3. Verkferill fyrir dómaramámskeið – til upplýsinga

*Fræðslufulltrúi kynnir nýjan verkferil varðandi þjálfaramámskeið*

#### 4. Verkferill fyrir þjálfaramámskeið – til upplýsinga

*Fræðslufulltrúi ásamt fræðslunefnd kynnir nýjan verkferil varðandi þjálfaramámskeið*

#### 5. Önnur mál

Sviðsstjóri mótamála fór yfir aðstæður sem komu upp á Bikarmóti unglunga í hópfimleikum um helgina þar sem að mikið snjóaði og ófært var á mótssstað á sunnudagsmorgun. Tekin var ákvörðun með mótshaldara að færa til tvo hluta og bæta þeim aftan við dagskrá mótsins.



Fundi slitið kl. 20:20

15. fundur stjórnar verður haldinn þann 14. mars kl. 19:00

